



Feril við vinnslu náttúruminjaskrár

Jón Geir Pétursson

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Fundur Umhverfisstofnunar,
náttúruverndarnefnda
sveitarfélaganna og
forstöðumanna Náttúrustofa

Akureyri 9. nóvember 2017

Náttúruminjasrá

- Nýtt verklag innleitt með nýjum náttúruverndarlögum sem tóku gildi 2015.
- Verið að vinna að nú í fyrsta skipti
- Hliðsjón af sambærilegu verklagi í Evrópu
- Markmið að byggja upp skipulegt net verndarsvæða til að stuðla að því að verndarmarkmið náist



33. gr. Náttúruminjaskrá.

- Ráðherra gefur út náttúruminjaskrá á fimm ára fresti og birtir með auglýsingu í Stjórnartíðindum þegar Alþingi hefur samþykkt þingsályktun um framkvæmdaáætlun. Ráðherra getur ákveðið að í auglýsingunni verði vísað til rafrænnar útgáfu greinargerðar um ítarupplýsingar um minjar á skránni. Birta má hvenær sem er ákvarðanir um nýskráningu náttúruminja á skrána og ákvarðanir um friðlýsingu eða friðun.
- Náttúruminjaskrá skiptist í þrjá hluta:
- **1. Friðlýst svæði. A-hluti:** Skrá yfir friðlýst svæði flokkuð eftir friðlýsingarflokkum, sbr. VIII. kafla og friðaðar vistgerðir, vistkerfi og tegundir, sbr. IX. kafla, og önnur svæði vernduð samkvæmt sérlögum.
- **2. Framkvæmdaáætlun um friðlýsingar og friðun. B-hluti:** Framkvæmdaáætlun til næstu fimm ára, þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.
- **3. Aðrar mikilvægar náttúruminjar. C-hluti:** Skrá yfir aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða.
- Auk þess skal birta í viðauka við náttúruminjaskrá yfirlitskort sem sýna staðsetningu og útbreiðslu jarðminja og vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr.
- Í náttúruminjaskrá skal náttúruminum lýst, þar á meðal sérkennum þeirra, verndargildi og afmörkun. Skránni skal fylgja greinargerð þar sem koma skulu fram ítarupplýsingar um minjar á skránni.

Við gerð framkvæmda-
áætlunar (B-hluta) skal lögð
áhersla á að byggja upp
skipulegt net verndarsvæða
til að stuðla að því að
verndarmarkmið 2. og 3. gr.
náist

2. gr. Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir.

Til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því:

- a. að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða,
- b. að standa vörð um og efla vistkerfi landsins svo eðli þeirra, gerð og virkni sé tryggð til framtíðar,
- c. að varðveita tegundir lífvera og erfðafræðilega fjölbreytni þeirra og tryggja ákjósanlega verndarstöðu þeirra þannig að tegundirnar nái að viðhalda sér í lífvænlegum stofnum til lengri tíma á náttúrulegum búsvæðum sínum. Þetta markmið gildir ekki fyrir framandi tegundir.

3. gr. Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni.

Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því:

- a. að varðveita skipulega heildarmynd af jarðfræðilegum ferlum og fyrirbærum sem gefa samfellt yfirlit um jarðsögu landsins,
- b. að vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu,
- c. að vernda vatnsfarvegi, fossa og stöðuvötn svo sem kostur er,
- d. að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis,
- e. að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.

Hlutverk stofnana við náttúruminjaskrána

- **Umhverfisstofnun** annast undirbúning friðlýsinga, metur nauðsynlegar verndarráðstafanir á svæðum sem til greina kemur að setja á framkvæmdaáætlun og sér um kynningu tillögu að endurskoðaðri náttúruminjaskrá og úrvinnslu umsagna vegna hennar.
- **Náttúrufræðistofnun Íslands** annast m.a. skráningu náttúruminja og mat á verndargildi þeirra, hefur umsjón með C-hluta náttúruminjaskrár og gerir tillögur um skráningar í hann í samráði við fagrað náttúruminjaskrár, sbr. 15. gr., sem og tillögur um minjar sem ástæða þykir til að setja á framkvæmdaáætlun.

15. gr.
Ráðgjafarnefnd og
fagráð
náttúruminjaskrár.

Ráðherra skipar **ráðgjafarnefnd náttúruminjaskrár** til fimm ára í senn. Skal nefndin skipuð sjö fulltrúum. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir þrjá fulltrúa en Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og það ráðuneyti sem fer með atvinnumál og jarðrænar auðlindir skipa einn fulltrúa hver. Ráðherra skipar formann án tilnefningar. Hlutverk ráðgjafarnefndar er að vera ráðherra til ráðgjafar um gerð tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár.

Ráðherra skipar **fagráð náttúruminjaskrár** til fimm ára í senn. Skal ráðið skipað sjö fulltrúum. Umhverfisstofnun, Skógræktin, Hafrannsóknastofnun, Minjastofnun Íslands, Samtök náttúrustofa og náttúru- og umhverfisverndarsamtök tilnefna einn fulltrúa hver. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar. Fagráð náttúruminjaskrár skal vera Náttúrufræðistofnun Íslands til ráðgjafar um gerð tillögu um minjar á náttúruminjaskrá.

Verklag og hlutverkaskipting við undirbúning og samþykkt tillögu

NÍ

Undirbýr tillögur að náttúru-minjum á B-lista í samráði við fagrað. Skilar tillögum til ráðherra

UAR

Ráðherra yfirfer tillögur að höfðu samráði við ráðgjafarnefnd. Felur UST að meta verndar-ráðstafanir og kynna tillögur í opinni umsögn

UST

Metur nauðsynlegar verndarráðstafanir. Undirbýr og kynnir tillögur. Umsögn í 2 mánuði. Vinnur úr umsögnum. Skilar tillögu til ráðherra með athugasemdu m

UAR

Ráðherra yfirfer tillögur að höfðu samráði við ráðgjafarnefnd. Ákvarðar og undirbýr þingsályktunartillögu.

Alþingi

Ráðherra mælir fyrir þingsályktunartillögu. Umfjöllun og væntanleg samþykkt Alþingis á tillögu.



Friðlýsingarferill hefst á vegum UST



Takk fyrir |

- <http://skyddadnatur.naturvardsverket.se/>
- <https://www.protectedplanet.net/country/IS>

36. gr. Kynning og málsmeðferð.

- Ráðherra leggur fram tillögu að endurskoðaðri náttúruminjaskrá og skal Umhverfisstofnun annast kynningu á þeim þætti hennar sem snýr að tillögu að framkvæmdaáætlun og nýskráningum í C-hluta. Í tillögu að framkvæmdaáætlun skal gerð grein fyrir helstu áhrifum hennar á þau svæði sem hún tekur til og væntanlegum takmörkunum sem hún mun hafa í för með sér.
- Tillagan skal auglýst í dagblaði sem gefið er út á landsvísu og í Lögbirtingablaðinu og jafnframt á heimasíðu ráðuneytisins og Umhverfisstofnunar. Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan sé aðgengileg og skal öllum gefinn kostur á að gera athugasemdir við hana innan ákveðins frests sem skal ekki vera skemmri en átta vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram í auglýsingu hvert skuli skila athugasemdum. Tillagan skal jafnframt send sveitarstjórnnum, náttúruverndarnefndum og náttúrustofum til umsagnar sem og öðrum opinberum aðilum og hagsmunasamtökum eftir því sem ástæða þykir til. Einnig skal senda tillöguna þeim aðilum sem eiga sérstakra hagsmuna að gæta vegna hennar. Skal umsagnarfrestur vera jafnlangur og getið er í auglýsingu um tillöguna.
- Eftir að kynningartíma lýkur tekur Umhverfisstofnun saman umsögn um framkomnar athugasemdir og skilar til ráðherra. Umhverfisstofnun skal gera þeim aðilum sem gerðu athugasemdir við tillöguna grein fyrir umsögn sinni um þær.
- Fara skal með tillögur um einstakar nýskráningar í C-hluta náttúruminjaskrár svo sem greinir í 2. og 3. mgr.
- Að lokinni kynningu og málsmeðferð skv. 1.–3. mgr. leggur ráðherra fram á Alþingi þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun.